

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 129/2019

frá 8. maí 2019

um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2398 frá 12. desember 2017 um breytingu á tilskipun ráðsins 2004/37/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað ⁽¹⁾
- 2) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB) í XVIII. viðauka við EES-samninginn:

„- **32017 L 2398**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2398 frá 12. desember 2017 (Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 87).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2017/2398, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 87.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING